

**Fundargerð samstarfsnefndar
Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM)
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM) þann 10. september 2021, kl. 14.

Á fundinum voru:

Fyrir hönd félagsins: Benoný Harðarson.

Fyrir hönd sambandsins: Benedikt Þór Valsson, Bjarni Ómar Haraldsson og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Samkomulag um viðbótargreiðslur vegna viðvika á bakvöktum

Hjá sveitarfélagi hefur verið unnið eftir eftirfarandi samkomulagi um fjarvinnu á bakvakt frá janúar 2021.

„Fjarvinna á bakvakt

Bakvaktarmaður A sem er sá sem er með bilanasímann, fær greidda tvo yfirvinnutíma fyrir hvern frídag á bakvakt (laugardag, sunnudag og aðra rauða daga). Einn tími er greiddur í yfirvinnu fyrir hvern virkan dag á bakvakt.

Hvað er innifalið í fjarvinnu bakvaktarmanns A

- a. Starfsmaður á bakvakt skal sinna fjarvöktun á veitukerfunum alla daga vikunnar. Tilgangur fjarvöktunar er að halda veitukerfunum og borholusvæðum í jafnvægi og þarf því fjarvöktun að taka mið af því.
- b. Vaktmaður tekur símtöl og metur hvort um sé að ræða útkall sem þarf að sinna eða ekki.
- c. Ef vaktmaður þarf að sinna erindum með því að fara á staðinn, þá er um að ræða útkall og greiðist sem slíkt.
- d. Öll útköll skal skrá í DMM á þar til gerðu atvikablaði. Gæta þarf að því að skrá niður nafn og símanúmer þess sem hringdi.

Ef mikið álag myndast á vakt vegna aðstæðna s.s. eins og miklar hitabreytingar eða bilanir og starfsmaður þarf að vinna umfram þá tíma sem áður eru tilgreindir, þá skal það metið í samráði við næsta yfirmann hvort forsenda sé fyrir aukagreiðslum.“

VM félag vélstjóra og málmæknimanna gerir athugasemd við framangreint samkomulag við starfsmenn sem sinna bakvöktum. Samkvæmt samkomulaginu eru greidd bakvaktarlaun auk 9 yfirvinnutíma fyrir hverja bakvaktarviku.

VM gerir ekki athugasemd við a lið í samkomulaginu: „Starfsmaður á bakvakt skal sinna fjarvöktun á veitukerfunum alla daga vikunnar. Tilgangur fjarvöktunar er að halda veitukerfunum og borholusvæðum í jafnvægi og þarf því fjarvöktun að taka mið af því.“

VM gerir hins vegar athugasemd við b lið í samkomulaginu: „Vaktmaður tekur símtöl og metur hvort um sé að ræða útkall sem þarf að sinna eða ekki.“ Að um sé að ræða truflun á bakvakt sem eigi að greiða sérstaklega fyrir umfram bakvaktarlaun og þær 9 yfirvinnustundir sem samkomulagið felur í sér.

Niðurstaða:

SNS vill bóka eftirfarandi:

Að mati SNS brýtur samkomulagið ekki í bága við kjarasamning aðila. Samkomulagið felur í sér fjarvinnu/fjarvöktun á veitukerfum. Sú fjarvinna felur jafnframt í sér að vaktmenn á bakvakt þurfa að taka símtöl og leggja mat á hvort þörf sé á útkalli. Það telst ekki útkall þegar haft er samband við starfsmann sem er á bakvakt. Ef vaktmaður þarf að sinna erindum með því að fara á staðinn, þá er um útkall að ræða og greiðist sem slíkt.

Jafnframt kemur fram í samkomulaginu að nái samanlagt vinnuframlag vaktmanns umfram þær 9 yfirvinnustundir sem greitt er fyrir bakvaktarviku skv. samkomulaginu skal greiða fyrir það og það metið í samráði við næsta yfirmann hvort forsenda sé fyrir aukagreiðslum. Fari vinnuframlag fram yfir 9 yfirvinnustundir skal greiða fyrir það með samþykki yfirmanns með yfirvinnu.

2. Mat á persónuálagi skv. grein 10.2.2.

Starfsmaður hefur starfað hjá sveitarfélagi frá 1. janúar 2020 eða 1 ár og 8 mánuði og fær greitt 4% persónuálag á grunnlaun.

VM óskar eftir að persónuálag verði 8% með vísun til starfa viðkomandi starfsmanns hjá öðrum vinnuveitendum. Skv. heimildum frá núverandi vinnuveitenda þá hefur viðkomandi ekki lagt fram vinnuveitendavottorð frá öðrum vinnuveitendum.

Niðurstaða:

Þess er óskað að viðkomandi skili inn viðeigandi gögnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.